

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluáferðum í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1166/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 517/88 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 23. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) í XXI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 R 1166**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluáferðum í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 (Stjtíð. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-ríkin þurfa ekki að sundurliða gögn eftir svæðum eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Þó ber þessum ríkjum að sjá til þess að úrtaksstærðir séu með þeim hætti að sundurliðun annarra gagna en þeirra, sem varða svæði, gefi lýsandi niðurstöður.
- b) EFTA-ríkin þurfa ekki að taka saman gögn sem varða framkvæmd ráðstafana er tengjast byggðapróun í dreifbýli samkvæmt skilgreiningunni í reglugerð (EB) nr. 1698/2005.
- c) Þessi reglugerð tekur ekki til Liechtensteins.“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 56, 2.3.1988, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1166/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.